

## Dagskrá Iðunnar vorið 2024

Fundir verða að venju haldnir mánaðarlega í sal Tónskóla Sigursveins, Hraunbergi 2, nema í febrúar þegar dagskrá verður í Þjóðminjasafni Íslands.

Kvæðalagaæfingar og söngvökur verða í Söngskólanum í Reykjavík, Laufásvegi 49, gengið inn frá Bragagötu, inn í portið, innstu dyr til hægri. Athugið að kvæðalagaæfingin í maí verður fyrir börn og alla þá sem hafa gaman af að kveða með börnum á laugardegi kl. 11:00.

### Iðunn á Safnanótt í Þjóðminjasafni Íslands.

Föstudaginn 2. febrúar kl. 18:00–21:00 mun félagið halda utan um skemmtidagskrá í Þjóðminjasafninu á 3. hæð og hefst dagskráin á kvæðalagaæfingu fyrir börn og alla þá sem hafa gaman af að kveða með börnum. Eftir dagskrána verður haldinn stuttur félagsfundur í fyrirlestrarsal safnsins.

Á þessari vorönn verða dagsetningar á öðrum fundum Iðunnar, kvæðalagaæfingum og söngvökum á þessa leið:

#### Fundir – Tónskóla Sigursveins

föst. 5. jan. kl. 20:00

föst. 8. mars kl. 20:00 aðalfundur

föst. 5. apr. kl. 20:00

föst. 3. maí kl. 20:00

#### Kvæðalagaæfingar – Söngskólanum

miðv. 3. jan. kl. 20:00

miðv. 6. mars kl. 20:00

miðv. 3. apr. kl. 20:00

laug. 4. maí kl. 11:00

#### Söngvaka – Söngskólanum

miðv. 17. jan. kl. 20:00

miðv. 14. feb. kl. 20:00

miðv. 20. mars kl. 19:00

miðv. 17. apr. kl. 19:00



Frá Stemmu: **Landsmót kvæðamanna** verður haldið helgina 26.–28. apríl á Hótel Natur (rétt fyrir norðan Svalbarðseyri).



# FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

144. tölublað – 44. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Desember 2023

Ábm: Bára Grímsdóttir

## Jóla­kveðjur

Nú er sá tími, þegar margir handskrifuðu jóla­kortakveðju (með sjálfblekungi) til vina og ættingja. Kortin voru sum hver gefin út af félagasamtökum til fjáröflunar s.s. Amnesty International, Slysavarnafélaginu, Félagi eldri borgara o.s.frv. Þannig að jóla­kveðjan hafði tvöfaldan tilgang! Kortin voru svo að berast allan desember, tilbreyting frá gluggapóstinum. Það var notaleg til­finning við lestur jóla­kveðjanna að vera umvafinn góðum óskum og minningum „frá því í sumar“, með þektri rithönd. En tímarnir breytast og með tölvutæk­ninni kom tölvujóla­kveðja. En „svona er þetta bara“ segjum við ráðþrota gegn breytingum sem yfir okkur ganga. Árni Björnsson þjóðhátt­afræðingur tók saman bókina Í jóla­skapi, þar má lesa eftirfarandi:

Fyrsta jóla- og nýárs­kortið í heiminum var gefið út í Englandi árið 1843, þremur árum eftir að frímerkið var fundið upp. Siðurinn breiddist fljótt út um alla Evrópu á 19. öld. Fyrstu kortin komu á markað á Íslandi kringum 1890 og voru dönsk eða þýsk. Nokkru eftir aldamótin var svo farið að gefa út íslensk jóla- og nýárs­kort. Í fyrstu voru einkum á þeim myndir af landslagi eða einstökum kaupstöðum, en seinna komu teiknuð kort til sögunnar. Árið 1932/1933 byrjaði íslenska ríkisútvarpið að senda jóla- og nýárs­kveðjur og voru þær í fyrstu einkum til sjómanna á hafi úti. Danska útvarpið hafði tekið þennan sið upp fimm árum áður, en fór seinna að senda kveðjur til Grænlands og Færeyja. Jóla­kveðjur íslenska útvarpsins fóru hins vegar fram úr öllu því, sem þekkt er í nálægum löndum. Sérstaklega jukust þær á stríðsárunum, þegar fólkið, sem flykkst hafði úr sveitunum í atvinnuna „fyrir sunnan“,

tók að senda kveðjur heim til sín. Þótti þá mörgum, sem heima sat, gott að heyra nafn sitt og heimilisfang hljóma á öldum ljósvakans. Elsta íslensk jólakveðja, sem fundist hefur, er hins vegar í bréfi frá Brynjólfi Sveinssyni Skálholtsbiskupi 7. janúar 1667, en hann endar það á þessa leið: „Með ósk gleðilegra jóla, farsællegs nýja árs, og allra góðra heillastunda, í Vors Herra nafni Amen“.

Margrét Pálína Guðmundsdóttir



### **Hinn unaðslegi tími**

Með bjartsýni og jákvæðni ég bílrúðurnar skóf,  
þá braut ég rúðusköfuna á morgunfúlu hrími.  
Dansaði af gleði úr því daginn svona hóf.  
Drottinn minn, – hvað veturinn er unaðslegur tími!

Þegar loksins hlánaði kom helliregn og él,  
heimaplanið ófært því að forin varð að lími.  
Nokkru seinna um daginn fraus og drullan varð að mel.  
Drottinn minn, – hvað veturinn er unaðslegur tími!

Gunnar J. Straumland

### **Sigurlín Hermannsdóttir svarar kalli eftir vísum:**

Dunda við að draga ýsur  
dreymir sumarveður hlý.  
Fréttabréfið vantar vísur  
verst að geta' ei bætt úr því.

### **2023**

Skjálftar upp á allmörg stig  
eldgos fylgja líkt og hundur.  
Reykjanes að ræskja sig  
rífur Grindavík í sundur.

Sigurlín Hermannsdóttir

### **Úr jólaháttatali Helga Zimsen:**

#### **1. Ferskeytt.**

Heillaóskir öllum ber,  
eða svona flestum.  
Háttatal nú heffjum vér  
handa jólagestum.

#### **2. Ferskeytt, oddhent**

Desember nú dimmur er  
daufleg gerist sólin.  
Myrkur hér þó mildast fer  
maður sér í jólin.

#### **3. Draghent**

Aðventunni á við hugsum  
um hvað þarf að gera  
Víkkun kjóla, kaup á buxum,  
krásir heim að bera.

#### **4. Stefjahun**

Senn til byggða sveima fer  
sveinahjörðin kær  
Hlýst af gagn og gaman hér,  
gleðin færast nær.

#### **5. Skammhent**

Gluggakistu í geyma skóna  
glöðvær börnin smá  
Árla morguns í þá góna  
eitthvað til að sjá.

#### **6. Úrkast**

Upp í tré mig á að setja,  
apa í breyta.  
Áfram börnin öll mig hvetja  
út að skreyta!

Eftir jólin eru páskar  
eins og forðum.

Ætir mæta okkur háskar  
enn á borðum.

#### **7. Dverghent**

Myrkar nætur drepa úr dróma  
dýrðleg skört.  
Úti mögnuð ljósin ljóma,  
leiftra björt.



### **Desember**

Desember  
drungalegur.  
Stutta stund  
stoppar sólin.  
Löng er bið  
litlu barni.  
– Hvenær, ha  
koma jólin?

Sigurlín Hermannsdóttir